

380. fundur velferðarráðs - 24. júní 2020

22. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Þriggja mánaða uppgjör velferðarsviðs jan-mars 2020 vöktu upp nokkrar spurningar hjá fulltrúa Flokks fólksins. Þær eru lagðar fram hér formlega:

1. Þjónustumiðstöðvar voru 15 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má til langtímaveikinda. Hér er óskað nánari skýringa?

2. Seljahlíð fer 68% fram yfir áætlun og er skýrt með því að þetta sé óhagstæð rekstrareining. Það geta ekki verið nýjar fréttir?

Af hverju hefur þá ekki verið bætt úr því með því að búa til hagstæðustu rekstrareininguna sem völ er á?

3. Barnaverndarmálum hefur farið fjölgandi. Ætla má að gera megi tiltölulega nákvæmar áætlanir í þessum málafllokki. Málum hefur farið fjölgandi frá ári til árs og fer þeim klárlega ekki fækkandi. Hvernig stendur á því að áætlanir eru svo ónákvæmar sem raun ber vitni?

4. Heimaþjónusta er ítrekað innan fjárheimilda vegna manneklu. Af hverju hafa velferðaryfirvöld ekki leyst manneklumálin eins og þau lofuðu þegar þau skrifuðum undir meirihlutasáttmálann. Hvaða aðgerðir eru í gangi sem leysa á mannekluvanda til skemmri og lengri tíma?